



Berwald-kvartettinn

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Berwald-strengjakvartettinn hélt tónleika á vegum Musica nova í Norræna húsinu 17. október, fyrir fullu húsi, þrátt fyrir fjölmíðlabögnina, sem hrjád hefur fólki undanfarið. Á efnisskránni voru verk eftir Webern, Jan W. Morthensen, Karólínu Eiríksdóttur og Sjostakóvits. Fyrsta verkið var fimm kaflar fyrir strengjakvartett ópus 5, eftir Webern. Þetta sjötíu og fimm ára gamla verk er glæsilegt dæmi um framsækni tónhöfunda í byrjun tuttugustu aldarinnar. Þarna er verið að brjóta undan forskrift fyrri alda, ryðja brautina, sem því miður er orðin nóttröðin af skólamönnum vanans, sem halda sig frumlega með því að stæla nærri aldargamlar frumlegar uppreisnartilraunir. Það var töluverður þokki yfir leik Berwald-kvartettsins, þó í heild væri flutningurinn fremur átakalítil. Ancora, eftir Morthensen, heitir verk númer tvö á efnisskránni. Verkið er í raun tvískipt. Annarsvegar „tónalt“ og þar á móti nýtiskulegri tónsköpun, sem var eins og einhver konar „kontrapunktur“ við hin hefðbundnu stef, er sum hver voru æði balkönsk og jafnvel arabísk í tónskipan, einkum þar

sem leikið var með „hiatus“. Þetta samspil hins hefðbundna og nýrri tónhugmynda var í verki Morthensen töluvert spilverk og var þar best unna verkið af hálfu kvartettsins, hvað snertir leik og túlkun. Næstisíðast á efnisskránni voru Sex lög fyrir strengjakvartett, eftir Karólínu, sem hún samdi sérstaklega fyrir Berwald-kvartettinn. Verkið er ákaflega einfalt, allt að því einraddað í gerð og tónskipan. Samhliða því að vera einfalt, er það hljómpýtt og stefin, sem oftlega eru aðeins tveir til þrjú tónar, hreinlega tóntegundabundin svo heildaráhrifin voru þau að verkið er í besta máta óþýtt, enda fallega flutt af strengjaflokknum.

Tónleikunum lauk svo með þrettánda kvartettinum eftir Sjostakóvits. Einhvern veginn náði hópurinn ekki að magna verkið, þó víða séu í því átök og andstæður. Lágfiðlan er mikið notuð í þessu verki og var flutningur Karin Dungal oftlega mjög fallegur. Kvartettinn er skipaður góðum spilurum og var samsleikurinn oft vel unninn og flutningurinn „músikantískur“, einkum hjá lágradda hljóðfærnum. Þeir sem léku háradirnir voru ekki þeir „leiðarar“, sem telja verður nauðsynlegt í strengjakvartett og helgast af því, að kvartettleikur er svo gott sem einleikur.

Stefnumót glervina

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Stefnumót glervina nefnist sýning er sett hefur verið upp í vestri gangi Kjarvalsstaða og stendur til 16. þessa mánaðar. Að sýningu standa fjórir glerlistarmenn, þau hjónin Sigrún Ó. Einarsdóttir og Sören S. Larsen, er reka glerverkstæðið í Bergvík á Kjalarnesi, og þau Finn Lyngaard er rekur glerverkstæði í Ebeltoft og aðstoðarstarfskraftur hans Tchai Munch.


Mér skilst að Finn Lyngaard sé driffjöldur sýningarinnar, primus motor, eins og það nefnist. Hann er elstur og þekktastur þeirra fjórmenninganna og er upprunalega lærður húsamálari. Nam málalérist við Listaháskólann í K.höfn í fjögur ár hjá Kræsten Iversen, en sneri sér fljótlega að námi í keramik einnig. Þannig er það oft og einnig farsælast, að menn stundi upprunalega nám í grein hreinnar myndlistar áður en haldið er út í listiðnað og hönnun hvers konar og er jafnvel iðnhönnun hér ekki undanskilin. Finn Lyngaard hefur sannarlega víða komið við um dagana og hefur verið, ásamt Tchai: „sistarfandi að kynningu hinnar tiltölulega nýju og óþekktu greinar listhandverksins sem kölluð er studiogler. Í allmörg ár hefur Finn Lyngaard verið leiðandi afl og eins konar merkisberi studio-glerlistarinnar, ekki aðeins á Norðurlöndum heldur einnig út um heim.“

Finn hefur einnig verið kennari við Skolen for Brugskunst í Kaupmannahöfn og að auki gestakennari og leiðbeinandi víða um heim, — meðal nemandans hans voru m.a. allir hinir þátttakendurnir á umræddri sýningu. Hann hefur tekið þátt í ótölulegum fjölda listsýninga um allan heim og hlotið verðlaun og viðurkenningar ásamt því að verk hans hafa dreifst á virt listiðnaðarsöfn. Þá hefur hann gefið út bækur um keramik og glerlist, sem hafa m.a. verið þýddar á ýmis mál.

Það er alveg rétt, að glerblást-




Tchai Munch



Finn Lyngaard



Sigrún Ólöf Einarsdóttir



Sören Staunsager Larsen

ur og formun glers er heillandi listgrein, ein sú elsta og merkilegasta er um getur. Þær eru ófáar sýningarnar á fornu gleri er ég hefi skoðað úti í heimi og skoða jafnan vel þær deildir fornminja og listiðnaðarsafna er hafa með gler að gera. Það er jafnvel stutt síðan ég rakst inn á tvö glerblástursverkstæði í Fenejnum, að visu af tilviljun því að ég var á leið á safn Peggy Guggenheim.

— Sýningin á Kjarvalsstöðum er ekki stór í sniðum og sennilega er þetta ekki besti staðurinn fyrir slíka sýningu, — ljósið er að visu ágætt á daginn en hin ar þungu steinhellur á gólfu draga óneitanlega úr áhrifum hins fíngerða gagnsæja glers. Það gerir einmitt að verkum að hin fingerðari verk skila sér ekki til skoðandans fyrir en við endurtekna yfirferð og á það einkum við um verk Tchai Munch, en hún er mikill meistari í því að láta skreytiatriðin fylgja aðalformi muna sinna. Hér vil ég vísa til verka nr. 3—7, „Skálarform“, ásamt nr. 11, 14 og 15. — er öll þykja mér í háum gæðaflokki, látlaus og stílhrein. Ég kann hins vegar síður að meta, er Finn Lyngaard málur hús og

landslag á glerverk sín þótt þetta eigi að heita hið brosandilandslag Danmerkur. Allt annar handleggur eru verk einfaldra náttúruforma er finsprungnar blaðgullflögur dansa á yfirborðinu. Ég vísa til verka eins og „Dans skordýranna“ (44) og „Skál, Hommage á Monet“ (41).

Ég er ekki heldur alltaf sáttur við skreytingarnar á verkum Sigrúnar Ó. Einarsdóttur enda þóttu mér þau verk hennar sýnu best er þær eru í bakgrunnum á dökkum fleti eins og í hinum þrem verkum „Athöfnin I—III“ (75—77). Mögnuð og sterk glerverk. Sören Staunsager Larsen er með stærstu og einföldustu verkin á sýningunni. Hann takmarkar sig við einföld náttúruform og skreytingin felst í forminu sjálfu, litnum og efninu, þannig að verkin geta jafnvel minnt á hreinan skúlptúr. Óþarfi er að benda á einstök verk þessa listamanns því að þau hafa öll mikið til síns ágætis og hann kemur ótvírætt sterkast frá sýningunni þeirra fjórmenninganna. Það er fengur að sýningu sem þessari því að hún er góð viðbót við annað sem til sýnis er í þessu húsnæði, og svo sem sagt er: „Fagur hlutur er æ til yndis.“

Ex-sept-hópurinn

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

1/10—16/10

Þrjú Akureyringar gista um þessar mundir borgina og skera sig úr öðrum, að því leyti, að þeir komu með myndlist í farangrinum. Opnuðu sýningu á verkum sínum í Listasafni Alþýðu sl. laugardag og mun hún standa yfir til 16. þessa mánaðar. Á sýningunni eru 60 verk, dúkrstur, olíumálverk, akrílmýndir, sáldþrykk og kítarmýndir. Hér er þannig engin einstefna í tækni hjá þeim félögum og að auki eru þeir mjög ólíkir innbyrðis.

Þeir félagar hafa stofnað listhóp skilst mér, er þeir nefna Ex-sept. og hefur það vakið nokkra athygli vegna þess að annar listhópur sýnir árlega í september undir nafninu Septem svo sem allir vita er fylgjast með myndlistarmálum þjóðarinnar. Máski er það hrein tilviljun að Akureyringarnir sýna einmitt á sama tíma og Septem en eigi að vera einhver broddur eða ádeila hér að baki er árangurinn frekur linur — ekki meira um það.

Allir hafa norðanmennirnir sýnt áður í höfuðborginni svo sem á hinni stóru sýningu

„Norðan sjó“ að Kjarvalsstöðum er töluverða athygli vakti.

—Guðmundur Ármann Sigurjónsson er Reykvikingur, sem hefur verið búsettur norðan heiða í á annan áratug, skólaður í Myndlista- og handíðaskóla Íslands (MHI) og Valands-skóla í Gautaborg. Hann sýnir að þessu sinni 15 dúkrstur og afhjúpar í þeim fjölbættari skurðartækni en áður, einkum staðnæmdist ég við myndir eins og í „Uppstreymi“ (6), „Jökulbunga“ (8), „Tólf verkamenn og einn til“ (9) og „Vetrarmynd“ (13). Ég tel að stór form og breiðar útlínur séu sterkasta hlið Guðmundar um þessar mundir.

Kristinn G. Jóhannsson er skólaður á Akureyri, í MHI og Edinburgh College of Art. Hann sýnir 15 olíumýndir á striga ásamt 5 kítarmýndum.

Kristinn færir oft mikið í fang í olíumýndum sínum þar sem hann gengur út frá gömlum íslenskum munstrum, að eigin sögn. Það er erfiður leikur að samræma litsterk skreytiform mjúkum blæbrigðaríkum bakgrunni og virðast aðalformin einhvernvegin vera full laus á myndfletinum. Að mínum dómi tekst honum öllu best upp í mynd nr. 17 „Kveðið um munstur“. Annars þótti mér bakgrunn-



Kristinn G. Jóhannsson, Guðmundur Ármann og Óli G. Jóhannsson í sýningarsal Listasafns alþýðu.

urinn einmitt vera best málaði hlutur þessara mynda og virðist Kristinn einmitt vera málari blæbrigðaríkdóms frekar en sterkra forma. Þetta kemur vel fram í myndunum (Skammdegisljóð“ (19) og „Vetrarvísa“ (23). Í síðasttöldu myndinni kemur fram næm tilfinning fyrir ljósum flötum og birturými. Kítarmýndirnar eru og skemmtileg viðbót og þar þótti mér myndin „Bæjarbragur“ (34) ákveðust í teikningu.

Óli G. Jóhannsson er sjálfmenntaður málari, sem hefur verið mjög áberandi í Akureyrsku listlífi, einkum fyrir það framtak sitt að gera út sýningarsalinn „Háhól“ um alllangt skeið. Hann sýnir að þessu sinni 12 akril-mýndir, 5 sáldþrykk og eina grafíkmoþpu. Óli er mjög sjálfhverfur í list sinni og breytist lítið frá ári til árs. Myndsíð hans er þannig mjög þröngt og litaskalin einhæfur. Langbestum tókum þykir mér hann ná á viðfangsefnunum er hann vinnur einfalt og hnitmiðað svo sem í akrilmyndinni „Tákn“ (43). Sama má segja um sáldþrykkmyndir hans þar sem hin einfalda og hnitmiðaða rissaða mynd „Í suðurlöndum“ er sínu hrifmest.

Það er lofsvert framtak hjá þeim félögum að sýna í höfuðborginni, það ættu norðanmenn hikaust að gera sem oftast og mæta einarðir og sterkir til leiks.